

Stjórn Úrvinnslusjóðs

373. stjórnarfundur, mánudaginn 30. júní 2025 - kl. 13:00– 15:00

Suðurlandsbraut 24

DAGSKRÁ

A. Til kynningar (15 mín)

1. Stöðumat áhersluverkefna

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (95 mín)

2. Eignarhald endurvinnsluefna
3. Starfsmannamál
4. Framtíðarskuldbindingar

(kaffihlé 10 mín.)

5. Ráðstöfunarleið fyrir stórsekki
6. Staða sjóða
7. Viðarumbúðir
8. Fundaskipulag stjórnar haust 2025

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS)
Daníel Gunnarsson (DG)
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Stjórn samþykkti að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að hefja samtalið URN um ráðningu tveggja starfsmanna í samræmi við minnisblaðið.
2. Stjórn samþykkti að óska eftir leiðsögn URN um hvaða mælikvarða eigi að styðjast við í sjóðsstýringa vöruþlokka Úrvinnslusjóðs ásamt því hvort ráðuneytið telji að um fjárskuldbindingu til framtíðar sé að ræða, sér í lagi hvað varðar skilagjald ökutækja.

FUNDARGERÐ

A. Til kynningar

1. Stöðumat áhersluverkefna

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu áhersluverkefna, F373 D01. Yfirlitið kemur í stað formlegrar kynningar á stöðu verkefna. Stjórnarmenn geta á grundvelli þess óskað kynningar á einstökum verkefnum á næsta fundi.

B. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu

2. Eignarhald endurvinnsluefna

SBJ kynnti efni minnisblaðs 373 D02. Umræður.

3. Starfsmannamál

Parfagreining á viðbótar starfsmannapörf skrifstofu ÚRVS liggur fyrir, sbr. ákvörðun á fundi 371 og minnisblað F373 D03. Umræður. Stjórn samþykkti að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að hefja samtal við URN um ráðningu tveggja starfsmanna í samræmi við minnisblaðið.

4. Framtíðarskuldbindingar

Minnisblað F373 D04 lá fyrir fundinum. SBJ gerði grein fyrir forsögu málsins. Umræður. KMM lagði til að upplegg skrifstofu ÚRVS yrði samþykkt. Samþykkt samhljóða af stjórn.

(kaffihlé 10 mín.)

5. Ráðstöfunarleið fyrir stórsekki

GGs kom inn á fundinn og fór yfir efni minnisblaðs F373 D05 um nýja ráðstöfunarleið og tillögu að endurgjaldi fyrir stórsekki. Stjórn lýsti vilja sínum til að koma upp ráðstöfunarleið fyrir þessar vörur en kallaði eftir sundurliðun á útreikningum fyrir tillögu um fjárhæð endurgjalds, m.t.t. áhersluverkefna sjóðsins. Samþykkt samhljóða. GGS vék af fundi.

6. Staða sjóða

DG kom inn á fundinn og fór yfir stöðu sjóða. Umræður. DG vék svo af fundi.

7. Viðarumbúðir

Minnisblað F373 D07 liggur fyrir fundinum. Umræður.

8. Fundaskipulag stjórnar haust 2025

Tillaga að fundaskipulagi stjórnar frá ágúst til desember liggur fyrir. Auk funda sem þar greinir verður ársfundur sjóðsins haldinn í haust.

Fundi slitið kl. 14:45

Næsti fundur verður haldinn 21. ágúst nk. kl. 13:30.